



Akraneskaupstaður

Þjónustusamningur milli Akraneskaupstaðar og Íþróttabandalags Akraness (ÍA)

Akraneskaupstaður, kt.410169-4449, og Íþróttabandalag Akraness, kt. 670169-2199, gera með sér eftirfarandi þjónustusamning:

I. Tilgangur og helstu áherslur

Með samningi þessum er lögð áhersla á mikilvægi þess öflugra íþróttá-, forvarna- og félagsstarfs sem fram fer innan Íþróttabandalags Akraness hjá aðildarfélögum þess fyrir samfélagið á Akranesi í heild sinni.

Samningsaðilar eru sammála um að vinna saman að eftirtöldum þáttum:

Meginstefna

- ▶ að bjóða upp á fjölbreytt starf þannig að sem flestir fái tækifæri til þátttöku í samræmi við áhuga, vilja og getu án tillits til uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, trúarbragða lífs- eða stjórnmálaskoðana, kyns, kynhneigðar, fötlunar eða annarrar stöðu.
- ▶ að vinna að eflingu félagsauðs samfélagsins í gegnum samstarf innan stýrihópa er varða frístundastarf og eflingu þess g að efla jákvæða leiðtoga í öllu sínu starfi.
- ▶ að auka þátttöku almennings í íþróttum og hreyfingu og stuðla að samvinnu á því sviði.
- ▶ að ná árangri í forvörnum og vinna markvisst eftir gildandi forvarnastefnu ÍA og í samstarfi við Akraneskaupstað.

Starfsemi ÍA og aðildarfélaga

- ▶ að skipulag og starfsemi ÍA og aðildarfélaga þess verði til fyrirmyndar á landsvísu.
- ▶ að ÍA og aðildarfélög þess sýni fjárhagslega ábyrgð, góða fjármálastjórn og sjálfstæði í öllum störfum.
- ▶ að þátttaka og framganga ÍA og aðildarfélaga, iðkenda og félagsmanna almennt sé ávallt til fyrirmyndar og bæði ÍA og kaupstaðnum til sóma.

Barna- og ungmennastarf

- ▶ að styðja við barna- og ungmennastarf í sveitarfélaginu.



- ▶ að vinna að samþættingu skóla, íþróttar, tómstunda og lista meðal grunnskólabarna og skoða um leið möguleika fyrir börn í 1.-4. bekk um fjölbreyttar æfingar með afsláttarkjörum á milli félaga.
- ▶ að vinna gegn brottfalli barna- og ungmenna úr íþróttar- og félagsstarfi.
- ▶ að efla almennt íþróttastarf þar sem minna er lagt upp úr keppni.

Afreksíþróttir

- ▶ að ÍA hafi á að skipa afreksfólki á landsvísu.
- ▶ að efla og styðja starf meistaraflokka og afreksmanna innan aðildarfélaga.
- ▶ að meistaraflokkar og afreksfólk verði yngri iðkendum góðar fyrirmyndir.
- ▶ að starf meistaraflokka og afreksfólks skapi ÍA og sveitarfélaginu jákvæða ímynd

II. Yfirlýsing frá Akraneskaupstað

Stuðningur við barnafjölskyldur á Akranesi

Til þess að auka þátttöku barn- og ungmenna í íþróttar- og tómstundastarfi mun sveitarfélagið bjóða foreldrum barna sem stunda íþróttir og/eða tómstundir hjá viðurkenndum félögum upp á niðurgreiðslu æfingagjalda í formi tómstundastyrks. Slíkar greiðslur, til viðbótar beinum og óbeinum fjárstuðningi til ÍA samkvæmt samningi þessum, munu efla enn frekar barna- og ungmennastarf sveitarfélagsins enda hefur það sýnt sig með slíkum styrk hefur iðkendum fjölgað.

III. Skilyrði félaga til að njóta styrkja.

- a) **Fyrirmyndarhérað** - ÍA er fyrirmyndarhérað samkvæmt skilgreiningu ÍSÍ.
- b) **Gæðaviðurkenning** - Akraneskaupstaður og ÍA eru sammála um að félög innan ÍA vinni markvisst að því að félögin fái gæðaviðurkenningu ÍSÍ sem fyrirmyndarfélög og að bandalagið haldi í gæðaviðurkenninguna sem fyrirmyndarhérað ÍSÍ.

Framkvæmdastjóri og stjórn ÍA ber að fylgjast með því að félög, sem hljóta viðurkenninguna, starfi í samræmi við markmið og áherslur fyrirmyndarfélaga og fylgi þeim kröfum sem ÍSÍ setur slíkum félögum.

- c) **Jafnrétti og öryggi** - ÍA og aðildarfélög þess skulu sjá til þess að allir njóti jafnra tækifæra til að stunda og starfa við íþróttir án tillits til uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar,

AK. SFR



trúarbragða, lífs- eða stjórnmalaskoðana, kyns, kynhneigðar, fötlunar eða annarrar stöðu. ÍA og aðildarfélög þess eiga einnig að tryggja öryggi og velferð iðkenda og annarra sem að íþróttastarfinu koma. Þau skulu hafa virka jafnréttisstefnu og aðgerðaráætlun til að fylgja eftir stefnunni.

ÍA og aðildarfélögin skulu starfa eftir siðareglum ÍA og reglum um kynferðislega áreitni ásamt kynferðisofbeldi og kynbundnu ofbeldi og öðru ofbeldi.

Öll aðildarfélög ÍA starfa í samræmi við þær verklagsreglur sem gefnar eru út af ÍSÍ og UMFÍ.

- d) **Kynningarstarf** - ÍA skuldbindur sig til að taka þátt í árlegum kynningum sveitarfélagsins á frítímastarfi þar sem íbúum sveitarfélagsins gefst tækifæri á að kynna sér starfsemi félaga innan ÍA.

ÍA og aðildarfélög þess skuldbinda sig til þess að í ræðu og riti á vegum ÍA og aðildarfélaga þess, s.s. auglýsingum/kynningum/fræðsluefni, komi ávallt fram að Akraneskaupstaður styrki ÍA og aðildarfélög þess. Einnig skulu ÍA og aðildarfélög þess birta merki sveitarfélagsins í auglýsingum og öðru efni sem ÍA og aðildarfélög þess senda frá sér.

- e) **Forsvar** - Samningsaðilar eru sammála um að stjórn ÍA eða framkvæmdastjóri ÍA í umboði stjórnar fari með öll samskipti milli bandalagsins og/eða einstakra félaga þess og kaupstaðarins. Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs verði tengiliður af hálfu sveitarfélagsins og framkvæmdastjóri ÍA verði tengiliður af hálfu bandalagsins og félaga þess. Öll erindi bandalagsins og félaga þeirra til kaupstaðarins skulu send sviðsstjóra formlega. Akraneskaupstaður skal svara erindum formlega eins fljótt og kostur er.

- f) **Samvinna og samráð** - Samningsaðilar eru sammála um að náð samráð og samvinna verði með aðilum á samningstímanum.

Teknir skulu upp reglulegir samráðsfundir sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs og framkvæmdastjóra ÍA og forstöðumanni íþróttamannvirkja. Fulltrúi kaupstaðarins mætir á fund stjórnar ÍA í september á hverju ári til að ræða málefni tengd samstarfi sveitarfélagsins og ÍA. Skóla- og frístundaráð boðar fulltrúa ÍA á fund sinn að lágmarki tvisvar á ári til þess að fara yfir starfsemi ÍA og aðildarfélaga þess.

Framkvæmdastjóri ÍA í samstarfi við forstöðumann íþróttamannvirkja og íþróttamála skulu afla upplýsinga frá aðildarfélögum um viðhalds- og endurnýjunarþörf búnaðar til íþróttaiðkunar sem er í eigu Akraneskaupstaðar.

- g) **Upplýsingagjöf** – Stjórn ÍA skuldbindur sig til að skila til skóla- og frístundasviðs rekstrarskýrslum og fjárhagsáætlun ÍA og félaga þess að loknu ársþingi ÍA sem er haldið er í lok

RR. SEK



apríl ár hvert. Jafnframt skuldbindur stjórn ÍA sig til að hlutast til um öflun upplýsinga frá einstökum aðildarfélögum vegna þeirra þátta sem samningurinn tekur til og skóla- og frístundasvið óskar eftir.

- h) **Fjárveitingar** - Ekki verður um að ræða frekari fjárveitingar frá sveitarfélaginu til ÍA og aðildarfélaga þess á samningstímanum en samningur þessi kveður á um með þeim undantekningum að sérstakir samningar hafa verið gerðir um rekstur einstaka íþróttamannvirkja s.s. vegna rekstrar golfvallar, reiðhallar og akstursbrautar, aðstöðu Klifurfélagsins og Kraftlyftingarfélagsins sbr. kafla VII.
- i) **Framsal** – ÍA og aðildarfélögum þess er óheimilt að framselja til þriðja aðila þau verkefni sem tilgreind eru í VI. kafla samnings þessa nema með leyfi bæjarstjórnar Akraness. Með þriðja aðila í samningi þessum er ekki átt við einstaka félög innan Íþróttabandalagsins.

IV. Beinir styrkir og fjárstuðningur

Akraneskaupstaður úthlutar árlega upphæð í fjárhagsáætlun til uppfyllingar ákvæðum samningsins. Skal fjárhæðir greiddast út ársfjórðungslega, 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. október (á fyrsta virkum vinnudegi tilvitnaðra mánaða).

Fjárhæðin skiptist samkvæmt reglum sem samþykktar hafa verið af stjórn ÍA og kynntar í skóla- og frístundaráði og er úthlutað sbr. töluliðum a) til og með c):

a) Rekstrarstyrkir

Innan bandalagsins og í aðildarfélögum þess er unnið öflugt sjálfbóðaliðastarf og framlag sjálfbóðaliða er ómetanlegt fyrir ÍA og samfélagið allt. Vegna umfangsmikils starfs á vegum bandalagsins og félaga þess er nauðsynlegt fyrir Íþróttabandalagið að þar starfi framkvæmdastjóri og/eða starfsmenn í einstökum aðildarfélögum. Akraneskaupstaður mun leggja bandalaginu til rekstrarstyrk til að standa straum af rekstri skrifstofu, launum framkvæmdastjóra, og/eða ráðningu starfsmanna til einstakra verkefna hjá Íþróttabandalaginu. Ráðstöfun rekstrarstyrkja skal vera í höndum stjórnar Íþróttabandalagsins.

Á fylgiskjali 1, sem er hluti samnings þessa, er skilgreind sú fjárhæð sem veitt er árlega til þessa liðar.

b) Styrkir til barna- og unglingsstarfs

Akraneskaupstaður leggur til sérstakan styrk til barna og unglingsstarfs bandalagsins /aðildarfélaga. Styrknum er ætlað ásamt frístundastyrknum að halda æfingagjöldum í lágmarki, efla starf yngri flokka félaganna og minnka brottfall iðkenda á unglingsaldri.

AK. SFB



Úthlutun styrksins er í höndum stjórnar bandalagsins og er úthlutað samkvæmt ákveðnum reglum sem stjórn ÍA setur.

Íþróttabandalagið skal árlega veita skóla- og frístundaráði upplýsingar um helstu lykiltölur úr barna- og unglíngastarfi. Skilgreining á helstu lykiltölum er í fylgiskjali¹, liður B.

c) Afreks- og styrktarsjóður

Með árlegu framlagi Akraneskaupstaðar í sérstakan afreks- og styrktarsjóð ÍA og Akraneskaupstaðar verður meðal annars stutt við afreksfólk innan félaganna og möguleika þjálfara til sí- og endurmenntunar.

Samningsaðilar eru sammála um að meginhlutverk sjóðsins verði:

- að styrkja íþróttafólk sem keppir fyrir hönd Íslands í gegnum ÍSÍ s.s. Ólympíufara eða f.h.einstaka sérsambanda t.d. KKÍ eða KSÍ.
- að veita þjálfurum og/eða leiðbeinendum sem starfa á vegum félaganna styrki til að sækja viðurkennd námskeið eða menntun sem eflir þá í sínu starfi.

Styrkjum skal úthlutað frá ÍA að lágmarki tvisvar sinnum á ári og skal tilkynnt um það til aðildarfélaga ÍA.

Stjórn Íþróttabandalagsins skal við úthlutun fara eftir sérstakri reglugerð sem gildir um sjóðinn.¹

Allar breytingar á reglum sjóðsins skulu kynntar með góðum fyrirvara á formannafundi aðildarfélaga ÍA og fyrir skóla- og frístundaráði.

Á fylgiskjali 1, sem er hluti samnings þessa, er skilgreind sú fjárhæð sem veitt er árlega til þessa liðar.

d) Trygging iðkenda – Fyrirkomulag er samkvæmt fylgiskjali 1 – sbr. svar tryggingaráðgjafa Akraneskaupstaðar.

V. Íþróttamannvirki, mótahald o.fl.

- a) **Afnot félaga að íþróttamannvirkjum (meðtalið félagsaðstöðu svo sem skrifstofuaðstöðu, hátíðarsal, þekju og frístundamiðstöðinni Garðavöllum)** – Aðildarfélög innan ÍA skulu hafa aðgang að íþróttamannvirkjum á Akranesi fyrir félagsmenn/iðkendur sína til æfinga og keppni. Bandalagið sér til þess að raðað sé niður í lausa tíma í samráði við forstöðumann/rekstraraðila íþróttamannvirkja Akraneskaupstaðar. Beiðnum um afnot skal beint til forstöðumanns/rekstraraðila með a.m.k. 7 daga fyrirvara sé því komið við.

¹ Reglugerðin var fyrst sett árið 2021.

TR. STEK



Framleiga til þriðja aðila er óheimil. Með þriðja aðila í samningi þessum er ekki átt við einstök félög innan bandalagsins. Afnot eru félögum að kostnaðarlausu.

- b) **Auglýsingar í íþróttamannvirkjum** - í fjáröflunarskyni er félögum innan ÍA heimilt að setja upp auglýsingaskilti í íþróttamannvirkjum í eigu Akraneskaupstaðar. Gera skal ráð fyrir merki Akraneskaupstaðar og ÍA á áberandi stað í öllum íþróttamannvirkjum. Akraneskaupstaður mun sjá um og kosta gerð og uppsetningu eigin merkja en ÍA um kostnað og uppsetningu á sínum verkjum.

Ákvarðanir um uppsetningu, gerð skilta vegna auglýsinga ásamt auglýsingaefni skulu teknar í nánu samráði við forstöðumann viðkomandi íþróttamannvirkis. Kostnaður við gerð auglýsingaskilta, uppsetning og viðhald er á ábyrgð félagsins sem setur þau upp.

- c) **Kostnaður við mótahald, afnot mannvirkja – Bandalagið og félög innan þess geta**, eftir því sem við verður komið, óskað eftir afnotum af mannvirkjum í eigu Akraneskaupstaðar vegna viðburða, s.s. keppni /æfingaviðburða/ íþrótt- og útivistarklúbba, í samráði við viðkomandi skólastjóra/húsvörð/forstöðumann. Hér undir fellur t.d. skólahúsnæði, félagsmiðstöðvar og ungmennahús.

Beiðni um aðgang að húsnæði, húsgögnum eða öðrum búnaði skal send viðkomandi skólastjóra/húsvörð/forstöðumann með minnst 14 daga fyrirvara sé því viðkomið. Tilgreina skal tilefni, dagsetningu viðburðar, ábyrgðarmenn og aðrar upplýsingar sem skipta máli. Ábyrgðaraðili viðburðar skal hitta viðkomandi forstöðumann/húsvörð fyrir viðburðinn til að fáupplýsingar um húsnæðið og umgengnisreglur. Gerð er krafa um að gengið sé vel um skólahúsnæði sérstaklega, en þetta á við um allt húsnæði. Náíð samráð sé milli ábyrgðarmanna og viðkomandi húsvörðar/skólastjóra og farið eftir þeim verklagsreglum sem gilda um notkunina.

Verði tjón á húsnæði og/eða munum skal það tafarlaust tilkynnt skólastjóra/húsvörð/forstöðumanni með formlegum hætti. Þeir aðilar sem fá húsnæði til afnota bera ábyrgð á skemmdum sem hljótast af notkun þeirra og ber að bæta það að fullu.

Afnot af húsnæði og/eða búnaði í eigu kaupstaðarins skal vera bandalaginu og félögum þess að kostnaðarlausu.

- d) **Sölustarfsemi** – Bandalaginu og félögum þess er heimil veitingasala í íþróttamannvirkjum í tengslum við mót og aðra viðburði á vegum félagsins í samráði við forstöðumann. Áfengisveitingar eru óheimilar í íþróttamannvirkjum nema með sérstöku leyfi bæjarráðs og að höfðu samráði við skóla- og frístundaráð.

AR. SKP



- e) **Umgengni** – Bandalagið og félögum þess skuldbinda sig til þess að sjá til þess að iðkendur, keppendur, þjálfarar og aðrir starfsmenn á þeirra vegum gangi vel um og fari í einu og öllu að umgengnisreglum íþróttamannvirkja á æfingum, mótum og öðrum viðburðum. Að loknu móti eða öðrum viðburðum skal ábyrgðarmaður móts/samkomu sjá til þess að allt húsnæðið og/eða svæðið sé hreinsað og grófþrifið.

Gerð er krafa um að náíð samráð sé milli þjálfara/mótstjóra/ábyrgðarmanna og viðkomandi forstöðumanns og/eða starfsmanna.

- f) **Ókeypis í sund** – Sveitarfélagið, á auglýstum opnunartíma sundstaða, veitir ókeypis aðgang að þeim í eftirfarandi tilvikum:

1. Þátttakendum á mótum og keppnum á vegum félaga innan bandalagsins sem haldin eru í sveitarfélaginu þann dag/þá daga sem mót stendur.
2. Þátttakendum í æfingabúðum í sveitarfélaginu sem skipulagðar eru af félögum innan ÍA þann dag/þá daga sem æfingabúðir standa.
3. Öllum iðkendum sundfélagsins sem æfa reglulega og hafa greitt æfingagjöld.

Með góðum fyrirvara skal félagið sem viðburð heldur tilkynna forstöðumanni um mót/viðburði sem tilgreind eru í liðum 1-3 og upplýsa hann um áætlaðan fjölda gesta og komutíma.

Félagið sem viðburð heldur skal tryggja að þátttakendur geri með fullnægjandi hætti grein fyrir sér í afgreiðslu viðkomandi sundstaða. Starfsmenn viðkomandi sundstaða skulu skrá fjölda þátttakenda einstakra viðburða sem notfæra sér boð um ókeypis sundferð þannig að ávallt liggja fyrir fjöldi heimsókna og kostnaður sveitarfélagsins við þennan lið samningsins.

VI. Verkefni

Á fylgiskjali 1, sem er hluti samnings þessa, er skilgreind sú fjárhæð, sem veitt er árlega til þessa liðar.

- a) **Forvarnir** - Samningsaðilar eru sammála um að efla enn frekar samvinnu sína á sviði forvarna í baráttunni gegn neyslu áfengis og tóbaks og misnotkun lyfja og annarra vímuefna. Með því er stuðlað enn frekar að öruggu og heilbrigðu umhverfi barna og ungmenna í kaupstaðnum.

ÍA mun taka virkan þátt í forvarnastarfi í samræmi við forvarnastefnu ÍA og Akraneskaupstaðar.

ÍA og félög þess skuldbinda sig til að efla forvarnir og stuðla að heilsusamlegri ímynd þess jafnt innan Akraneskaupstaðar sem utan. Eftirfarandi þættir falla þar undir:

AK. SFP



1. Að starfsfólk, iðkendur og þjálfarar félagsins neyti ekki áfengis, tóbaks eða annarra vímuefna þegar þeir æfa, keppa eða koma fram fyrir hönd sinna félaga og klæðast merktum fatnaði þess félags sem viðkomandi tilheyrir. Skal þetta tekið fram í samningi viðkomandi aðila og félags þess sem samið er við.
 2. Að birta reglulega upplýsingar um forvarnir á heimasíðu bandalagsins sem og í þeim miðlum sem bandalagið og félag innan þess hafa yfir að ráða.
 3. Að kynna reglulega forvarnastefnu og forvarnastarf í samstarfi við Akraneskaupstað.
 4. Að ÍA og félag þess fylgi siðareglum ÍA og starfi í samræmi við þær.
- b) **Leiðtogaþjálfun og fræðsla** – samningsaðilar eru sammála því að auka og efla félagsauðinn í samfélaginu til að tryggja að ávallt sé fyrir hendi fólk til forystustarfa í félagsmálum í sveitarfélaginu. Samningsaðilar vinna sameiginlega að sérstakri leiðtogaþjálfun, m.a. í samvinnu við FVA, UMFÍ, ÍSÍ og fleiri. Verkefni líkt og þjálfararáðstefna falla undir þennan lið. Aðilar eru sammála um að skoða stuðning við einstaka félag í gegnum ÍA þannig að ákveðið fjármagn fari á hverju ári í þessa vinnu um aukna leiðtogaþjálfun samkvæmt fylgiskjali 1.
- c) **Íþróttamaður Akraness og önnur hreyfitengd verkefni** – Akraneskaupstaður stendur að kjöri íþróttamanns Akraness og ÍA sér um framkvæmdina. Hafa skal samráð við aðila innan Akraneskaupstaðar sem standa að viðburðum þennan sama dag.

Á fylgiskjali 1, sem er hluti samnings þessa, er skilgreind sú fjárhæð sem veitt er félaginu til þessa liðar.

VII. Rekstur íþróttamannvirkja og samningar um einstök verkefni

Samhliða þjónustusamningi þessum verða gerðir samningar milli Akraneskaupstaðar og félaga innan ÍA, um eftirfarandi verkefni:

- a) *Samningur um rekstur golfvallar*
- b) *Samningur um rekstur keilusalar*
- c) *Samningur um rekstur mótorkrossbrautar*
- d) *Samningur við Dreyra vegna rekstur reiðhallar*
- e) *Samningur við Klifurfélagið um rekstur húsnæðis*
- f) *Samningur við leigusala vegna aðstöðu fyrir Kraftlyftingafélagsins*
- g) *Samningur um vinnuframlag nemenda vinnuskólans verði þess óskað af hálfu aðildarfélaganna*

VIII. Almenn ákvæði

- a) **Gildistími** - Þjónustusamningur þessi gildir frá 1. janúar 2022 til ársloka 2026.
- b) **Eftirlit** - Eftirlit með samningi þessum er í höndum skóla- og frístundasviðs í samvinnu við framkvæmdastjóra ÍA.

Handwritten signature and initials



- c) **Fjármunir** – Greiðslur samkvæmt samningi þessum koma fram í fylgiskjali 1. Sé óskað eftir breytingum á fjárhæðum þurfa þær að berast fyrir 1. september ár hvert.
- d) **Ágreiningur** - Komi til ágreinings varðandi skilning á samningi þessum eða fylgiskjöllum hans getur hvor aðili um sig óskað aðstoðar sáttamiðlara sem starfar eftir siðareglum Sáttar, til lausna á ágreiningsefnum. Komi til málshöfðunar út af samningi þessum, er hvorum aðila um sig heimilt að sækja málið fyrir Héraðsdómi Vesturlands.
- e) **Endurskoðun vegna sérstakra aðstæðna** - Hvorum aðila um sig er heimilt að óska eftir endurskoðun samningsins í heild eða einstakra liða ef upp koma hugmyndir um nýjungar, ný verkefni eða forsendur breytast verulega. Samningsaðilar eru sammála að setjast niður og meta hvernig gangi að loknum tveimur árum af samningstímanum.

Komi fram beiðni um endurskoðun einstakra liða, gildir samningurinn óbreyttur þar til ný samningsákvæði hafa verið samþykkt af báðum aðilum.

- f) **Riftun** - Verði annar hvor samningsaðili uppvis að því að brjóta gróflega eða ítrekað ákvæði samnings þessa, eða um er að ræða stórfelldar vanefndir á samningum, getur hinn aðilinn krafist tafarlausrar riftunar. Tilkynning um riftun skal vera skrifleg og fellur samningurinn úr gildi tveimur mánuðum eftir að slík krafa hefur borist riftunarþola hafi ekki verið bætt úr þeim atriðum sem orsökuðu riftun. Frá og með þeim tíma falla úr gildi allar skyldur og réttindi aðila.

Akranesi, 11. apríl 2022.

F.h. Akraneskaupstaðar,


Sævar Freyr Þránínsson,
bæjarstjóri

F.h. Íþróttabandalags Akraness,

Hrönn Ríkharðsdóttir,
varaformaður ÍA

Vottar að rétttri undirskrift og dagsetningu:





² Undirritað af bæjarstjóra Akraness með fyrirvara um samþykki bæjarráðs og bæjarstjórnar Akraness.